

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

844. tbl - 18. árg.

13. september 2018



200 konur á Kvennapíngi

Annað hvert ár standa slysavarnadeildir fyrir Kvennapíngi, það var haldið í Snæfellsbæ að þessu sinni og fór fram um síðustu helgi. Mikil skipulagning liggur að baki svona píngi en slysavarnadeildirnar Helga Bárðardóttir og Sumargjöf stóðu fyrir því og er ár síðan undirbúningur hófst. Fjölbreytt og metnaðarfull dagskrá var í boði og hófst helgin á móttöku í Björgunarstöðinni Von á föstudagskvöldinu. Var það Snæfellsbær sem bauð til móttökunnar, voru þinggestir sammála um að helgin hefði farið vel af stað enda veitingar og skemmtiatriði sem allir nutu. Á laugardagsmorgun var svo hið eiginlega þing þar sem Edda Björgvinsdóttir fór á kostum í fyrirlestri sínum Húmor, gleði og hamingja er mikil dauðans alvara í lífinu. Sigrún Sveinsdóttir fræddi þinggesti með góðum fyrirlestri sem hún nefndi Heilsa kvenna er okkur mikilvæg. Að því loknu var komið að hinum eiginlegu þingstörfum sem þinggestir skiluðu af sér með sóma áður en haldið var út í hópmyndaðöku áður en hádegisverður var snæddur. Að honum loknum tóku námskeið við sem haldin voru í húsnæði Grunnskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi. Voru þaumjög fjölbreytt þar sem boðið var upp á gönguferð, Zumba, beinþétnimælingu og fyrirlestur, fræðslu um slysavarnir ferðamanna, fjáraflanir, markmið og áætlanir, hvar stöndum við í dag og samfélagsmiðla. Svo var komið að því að taka sér smá pásu og undirbúa sig fyrir kvöldið en þinginu lauk með hátíðarkvöldverði og dansleik þar



sem þemað var "ABBA" og greinilegt var að mikill metnaður hafði verið lagður í bæði skreytingar og fatnað slysavarnakvenna. Heppnaðist kvöldið sem og þingið allt hið besta og myndaðist frábær stemning í félagsheimilinu Klifi um kvöldið. Slysavarnarkonur í Helgu Bárðardóttur og Sumargjöf geta verið mjög stoltar af þessu frábæra þingi sem þær stóðu fyrir leiddar af Sigrúnu Ólafsdóttur sem sá um stjórn þingsins. Rúmlega 200 konur sóttu þingið en næsta þing verður haldið árið 2020 í Hveragerði og voru margar konur farnar að plana næsta þing strax á laugardagskvöldinu.

þa



**BIFREIÐAÞJÓNUSTA
SNÆFELLSNESS**

- Almennar bílaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Dekkjaskipti og viðgerðir
- Rúðuskipti
- Stjórnu viðgerðir á framrúðu
- Tölvulestur

S: 438-6933 - kbbilav@simnet.is - Sólvellir 5 - Grundarfjörður
Opnunartími 8-12 og 13-17 - Verið velkomin

Smíðavinna

Tökum að okkur þakskipti, klæðningar og aðra smíðavinnu, eigum lausan tíma í september.

Kynnið ykkur málið í síma 840-6100



50 ára verslunarafmæli



Það voru merk tímamót hjá versluninni Blómsturvöllum um síðustu helgi en þá var því fagnað að 50 ár voru liðin síðan þau Guðlaug Íris Tryggvadóttir og Óttar Sveinbjörnsson hófu rekstur verslunarinnar. Versluðu þau fyrst með ýmsa rafmagnsvöru í bílskúrnum við hús sitt og var verslunin opin á milli 20 og 22 á kvöldin þar sem Óttar vann sem rafvirki á daginn og Íris á símsstöðinni. Það var svo árið 1978 sem þau keyptu íbúðarhúsnæðið Blómsturveli og fóru að reka verslunina á miðhæð hússins og var hún þá opin á milli 16 og 18 ásamt því að úrvalið jókst og gjafavaran bættist við. Árið 1986 réðust þau svo í að byggja 200 fermetra húsnæði við Munaðarhól, hafa þau síðan byggt tvisvar við húsnæðið og er verslunin nú rekin í 500 fermetra húsnæði

og ýmislegt í boði. Meðal þess sem hægt hefur verið að fá þessi 50 ár eru reiðhjól, sláttuvélar, innréttingar, snyrtivörur, íþrótt- og útivistarvörur, barnafatnaður og ýmislegt fleira. Í dag er vöruúrvalið aðallega fatnaður, gjafavara og skór og auðvitað rafmagnsvörur en þær voru upphafið af versluninni. Dóttir þeirra hjóna Júníana hefur staðið vaktina með þeim og eru einmitt 39 ár síðan "ég afgreiddi mína fyrstu kúnna í gömlu búðinni" sagði hún. Lofar hún ekki að ná 50 árum eins og foreldrar hennar en vonar að þeim auðnist gæfa til áframhaldandi verslunarreksturs í Snæfellsbæ. Var haldið veglega upp á þessi tímamót í versluninni um síðustu helgi og voru bæjarbúar og aðrir gestir duglegir að kíkja við og fagna þessum tímamótum með þeim. *þa*



Störf í boði

Fiskmarkaður Íslands leitar að fólki til vertíðarstarfa í flokkunar- og slægingarstöð Rifi.

Um ræðir vertíðarvinnu frá 15. janúar til 31. maí. Mikil vinna í boði.

Fyrir áhugasama hafið samband við:
Reynir Guðjónsson, reynirg@fmis.is, 840-3725 eða
Smára Björgvinsson, smari@fmis.is, 840-3715



Rauði Krossinn Föt sem framlag – Sjálfboðaliðar

Eitt af verkefnum Rauða krossins er að útbúa ungbarnapakka fyrir nýrffædd börn sem sendir eru til þróunar- og neyðaraðstoðar í Hvíta Rússlandi. Hér í Snæfellsbæ hefur þetta verkefni verið í gangi í nokkur ár undir stjórn Lovísu Sævarsdóttur. Á hverjum þriðjudegi hittast hressar konur í Átthagastofu Snæfellsbæjar og útbúa slíka pakka. Hver pakki þarf að innihalda ákveðna hluti eins og peysu, buxur, nærfatnað, sokka, húfu, teppi, handklæði og lak.

Þær konur sem hafa unnið að þessu verkefni eru mjög útstjónarsamar og algjörir snillingar í að nýta ýmislegt gamalt og breyta í glæsilega hluti. Þær nota t.d. gamlar gardínur og sauma úr þeim teppi, gamla boli hafa þær notað

til að sauma nærföt, garnafganga nýta þær í sokka, húfur, teppi og peysur. Litla efnisbúta nota þær í bútasaumsteppi o.s.frv.

Ef þið kærur íbúar eigið gömul teppi, handklæði, ungbarnasamfellur eða fatnað fyrir 0-12 mánaða eða síðerma boli, garn eða efnisafganga og annað slíkt sem þið viljið gefa þá taka þær við öllu svo leiðis.

Einnig óskum við eftir nýjum sjálfboðaliðum til að taka þátt í verkefni með okkur. Endilega komið og kikið við en hópurinn er að störfum í Átthagastofunni á hverjum þriðjudegi frá 13:00 - 15:00 og byrjar frá og með 18. September.

Stjórn Rauða Krossins.
Guðrún, Elva Ösp, Jóhannes,
Kristín Arnfjörð, Sigrún Erla,
Eva Dröfn og Daði.

Tökum þátt í réttum

Næstu tvær helgar verður réttað í Snæfellsbæ, í Ólafsvík eins og víða annarstaðar hefur skapast sú hefð að bjóða upp á kjötsúpu og veitingar, réttargestir

eru boðnir velkomnir í fjárhúsið Lambafell þar sem boðið er upp á súpuna frá kl. 12. Réttirnar hefjast svo kl. 13.

Réttað verður laugardaginn 15. september 2018:

- 1) Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæfellsbæ
- 2) Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæfellsbæ
- 3) Hellnarétt í Breiðuvík, Snæfellsbæ

Réttað verður laugardaginn 22. september 2018:

- 5) Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæfellsbæ
- 6) Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæfellsbæ
- 7) Grafarrétt í Breiðuvík, Snæfellsbæ

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinnsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Framkvæmdir á Ingjaldshóli



Sr. Karl Sigurbjörnsson fyrrum biskup Íslands greindi frá því í predikun þegar hann sótti staðinn að Ingjaldshóll væri eitt fallega kirkjustæði Íslands. Slíkt er orða sönnu því Ingjaldshóll er gríðarlega vinsæll viðkomustaður ferðalanga og ljósmyndarar hafa sérstækt dálæti af bakgrunni kirkjunnar, hvort sem horft er til sjávar eða fjalla. En slíkum viðkomustað þarf að sinna svo að hann haldi áfram að vera skrautfjöður okkar Snæfellinga. Í sumar hafa því átt sér stað töluverðar framkvæmdir á Ingjaldshóli. Búið er að skipta um töluvert afrúðum í gluggum á safnaðarheimili, þar sem raki var

kominn á milli glerja. Endurbætur voru gerðar á lýsingu, þar sem settir voru nýir led-kastarar á ljósastaura sem fyrir voru. Borið var á grindverk við kirkjugarð. Að lokum var þak og turn kirkjunnar málaður í fagurrauðum lit. Vill sóknarnend Ingjaldshólskirkju koma á framfæri þakklæti til þeirra Jóns Veigar Ólafssonar og Hallgríms Jónssonar hjá KS málun, Benedikts Sveinbjörnssonar rafvirkja og þeim Jóni Tryggvasyni og Sigurði Kjartani Gylfasyni hjá J.T. trésmíði. Á næsta ári er stefnt að endurbyggingu kirkjugarðsvegs sem féll niður í lok sumars.

Sóknarnefnd



Rauði krossinn

Rauði Krossinn Snæfellsbæ
Föt sem framlag

Ert þú laus á þriðjudögum frá 13:00 – 15:00?

Ef svo er langar okkur í Rauða krossinum í Snæfellsbæ til að fá þig til liðs við okkur í verkefnið "Föt sem framlag,,"

Í haust og vetur ætlum við að vera í Áttthagastofunni á hverjum þriðjudegi frá 13:00 – 15:00 frá og með 18. september.

Allir velkomnir, hlökkum til að sjá ykkur.

Rauði krossinn í Snæfellsbæ

Lífleg starfsemi hjá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ

Félag eldri borgara í Snæfellsbæ heldur uppi öflugum starfi og hófst vetrarstarf okkar nú á dögnum. Er starfið mjög fjölbreytt og vel sótt af félögum sem eru um 160. Reynum við að leggja okkur fram um að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Sundleikfimi er í sundlaug Snæfellsbæjar alla þriðjudaga og fimmtudaga. Hittingur er í Hreiðrinu á mánudögum, handverksstofunni á þriðjudögum og fimmtudögum. Ekki má svo gleyma starfinu í Klifi sem fram fer á miðvikudögum. Í vor var farið í ferð um Suðurland sem heppnaðist mjög vel. Framundan hjá okkur eru margir skemmtilegir viðburðir og má þar nefna að farið verður á sýninguna "Slá í gegn" í Þjóðleikhúsinu 22. september og við förum að venju í sólina, en

breytum nú til og ætlum að fara til Tenerife í október og verður örugglega mikið fjör þar eins og alltaf. Nesballið sem hefur verið fastur punktur í félagsstarfi eldri borgara á nesinu verður í Stykkishólmi þann 29. september næstkomandi og hægt er að skrá sig hjá Sigurbjörgu í síma 8641363 fyrir 19. september. Vonum við að þátttaka haldi áfram að vera jafn góð og hún hefur verið og hlakkar okkur í stjórninni til vetrarins.

Nýir félagar ætíð velkomnir.
Með kveðju.

*Stjórn Félags eldri borgara í
Snæfellsbæ.*

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



„Grát þú eigi!“

Guðspjónusta í Ólafsvíkurkirkju
kl. 14 sunnudaginn 16. september.

Foreldramorgnar í safnaðarheimilinu
á miðvikudögum kl. 10-12.

Æskulýðsfundir hefjast
á miðvikudagskvöld kl. 19:30-21:30.



*Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677*

Betra fyrir bílinn

TIL SÖLU



Til sölu er einkahlutafélagið Ellatún ehf.

Eignir félagsins er báturinn Friðrik Bergmann SH-240 skipaskrárnúmer 2423 ásamt aflaheimildum og mögulega fasteign.

Friðrik Bergmann er 6,7 rúmlesta plastbátur smíðaður af Bata-smiðju Guðmundar árið 2000, í bátnum er 420 hestafla Yanmar vél. Friðrik Bergmann SH-240 hefur verið gerður út á handfæri.

Allar aflahlutdeildir og allt krókaafmark sem nú er á bátnum fylgir með í kaupunum. Úthlutað krókaafmark á fiskveiðiarinu 2018/2019 er um 40 tonn í þorski, sjá nánar á fiskistofa.is

Einnig getur fylgt með í kaupunum fasteign félagsins að Klifbrekku 4 í Ólafsvík sem er 186 fermetra iðnaðarhúsnæði.

Allar nánari upplýsingar veitir Erlingur Helgason í síma 893-1284

AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM Í UPPBYGGINGARSJÓÐ VESTURLANDS

Veittir verða styrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, er að finna reglur og viðmið varðandi styrkveitingar.

Umsóknarformið er á heimasíðu ssv.is:
<http://ssv.is/uppbyggingarsjodur-vesturlands/>

Nánari upplýsingar í síma 433-2310
eða senda fyrirspurnir á netfang:
uppbyggingarsjodur@ssv.is

**Frestur til að skila inn umsóknum
rennur út á miðnætti 2. október 2018.**



Vönduð þrekhjól á Jaðar



Dvalarheimilið Jaðar fékk góðar gjafir á dögnum.

Tílefnið af þessari gjöf er að í rúm 20 ár hafa Lionsklúbbur Nesþinga, Slysavarnadeildin Helga Bárðardóttir og Leikfélag Ólafsvíkur staðið að Kúttmagakvöldi fyrir 60 ára og eldri. Hafa kvöld þessi verið vel sótt og vakið mikla lukku. Ef einhver ágóði hefur verið af þessum kvöldum

hefur hann verið geymdur á bók og ákváðu félögin að þegar peningurinn yrði notaður yrði það í einhverja góða gjöf fyrir dvalarheimilið. Þegar svo var farið af stað að nota peningana og ákveðið að kaupa skyldi þrekhjól fyrir heimilisfólk á dvalarheimilinu vantaði uppá að þeir dyggðu. Leituðu félögin þá til nokkurra útgerða og

fyrirtækja til að hægt yrði að kaupa 2 tæki af bestu og nýjustu gerð í samráði við starfsfólk Jaðars. Fengu félögin mjög góðar undirtektir og reyndist auðvelt að fjármagna tækin 2. Hafa þau verið mikið notuð af heimilisfólki á Jaðri síðan þau komu í vor og hefur Snæbjörn Aðalsteinsson iðjuþjálfari útbúið prógram fyrir alla heimilismenn og eru allir mjög ánægðir með þessi góðu tæki. Auk félaganna þriggja voru það

Tryggvi Eðvarðs SH 2, Steinunn SH 167, Saxhamar SH 50, Magnús SH 205, KG Fiskverkun og Hraðfrystihús Hellissands sem styrktu kaupin. Það var svo Sigurður Kristjánsson sem er einn af heimilismönnum sem og Lionsmaður og einn af þeim sem átti mikinn þátt í því að byrjað var að halda Kúttmagakvöldin sem afhenti gjöfina.

þa



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður